



# Ársskýrsla 2009 – 2010

## Aðalfundur Samtakanna

Fjórði aðalfundur Samtaka Heilsuleiksskóla var haldinn í Reykjanesbæ föstudaginn 6. mars 2009. Fulltrúar mættu frá átta heilsuleiksskólum auk fulltrúa frá Skólum ehf, fyrirtæki sem rekur leiksskóla sem starfa eftir heilsustefnunni. Einnig mættu fulltrúar frá átta leiksskólum sem eru að undirbúa sig til að verða heilsuleiksskólar. Fyrir fundinn var öllum gestum boðið að skoða Heilsuleiksskólann Heiðarsel, þar sem tekið var á móti okkur með yndislegum söng og meðlæti. Fundarmönnum vað boðið að skoða skólann og fengu upplýsingar um starfið og skipulag þess. Heiðarsel er fjórði heilsuleiksólinn á Íslandi og var vígður sem slíkur árið 2004. Skólastjóri þar er Kolbrún Sigurðardóttir og aðstoðarskólastjóri Ólöf Kristín Guðmundsdóttir.

Á dagskrá aðalfundar voru venjuleg aðalfundarstörf og kosning í stjórn. Unnur Stefánsdóttir var endurkjörin formaður og Hulda Jóhannesdóttir varaformaður. Ingunn Ríkharðsdóttir meðstjórnandi og Kolbrún Sigurðardóttir varamaður gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. Í þeirra stað komu í stjórnina Anna Árnadóttir meðstjórnandi og María Hermannsdóttir varamaður. Skoðunarmenn reikninga voru kosnar þær Snæfríður Hlín Svavarsdóttir og Kolbrún Sigurðardóttir.

Árgjald verður óbreytt eða kr. 5,000 fyrir skóla með 50 börn eða færri, en kr. 10,000 fyrir leiksskóla með fleiri en 50 nemendur.

Sigrún Hulda Jónsdóttir gerði grein fyrir störfum vinnuhóps um endurskoðun Heilsubókar barnsins, sem vinnur það verkefni áfram. Hulda Jóhannesdóttir opnaði umræðu um endurskoðun viðmiða heilsustefnunnar og einnig gerði hún grein fyrir hugmyndum að efni og útliti heimasíðu Samtakanna. Rætt var um námsferð erlendis og tóku þær Lilja Kristjánsdóttir, Berglind Grétarsdóttir og Bjarney K. Hlöðversdóttir að sér að skoða þau mál.

Að loknum aðalfundarstörfum snæddu fundarmenn hádegisverði í Kaffi Duus.

## Stjórnarfundir

Fjórir stjórnarfundir voru haldnir á árinu í matstofu ÍSÍ og Perlunni í Reykjavík. Einnig voru tölvusamskipti notuð. Verkefni á borði stjórnar þetta starfsárið voru einkum leiksskólar á heilsubraut, endurskoðun á Heilsubók barnsins, heimasíða og endurskoðun viðmiða fyrir heilsuleiksskóla.

## Leikskóli vígður

Ellefti skólinn, Fálkaborg í Reykjavík, var vígður sem heilsuleikskóli 30. apríl 2009 við hátíðlega athöfn í garði leikskólans. Jónína Lárusdóttir skólastjóri sagði frá undirbúningi að þessu takmarki, en skólinn hefur unnið að heilbrigðum lífsstíl nokkuð lengi og hefur þegar fengið grænfanann. Unnur Stefánsdóttir formaður flutti ávarp og færði skólanum viðurkenningarskjal og fána með merki Samtakanna. Ragnhildur Erla Bjarnadóttir sviðastjóri Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar flutti ávarp. Börn skólans



Samtök heilsuleiksskóla

snagu og létu rigningu ekki trufla sig. Boðið var uppá hollar veitingar grænmeti og vatn. Fálkaborg er fyrsti heilsuleiksskólinn í Reykjavík.

## Heilsuleiksskólar á Íslandi

Eftirtaldir leiksskólar hafa fengið viðurkenningu sem heilsuleiksskólar.

Urðarhóll í Kópavogi	1996
Krókur í Grindavík	2003
Garðasel á Akranesi	2004
Heiðarsel í Reykjanesbæ	2004
Suðurvellir í Vogum	2005
Árbær í Árborg	2007
Krógaból á Akureyri	2007
Krakkakot á Hornafirði	2008
Laufás á Þingeyri	2008
Kór í Kópavogi	2008
Fálkaborg í Reykjavík	2009

## Leiksskólar á Heilsubraut

Á fyrsta stjórnarfundum Samtakanna var rætt um að þörf væri fyrir einhverskonar umsóknareyðublað fyrir nýja skóla sem hafa áhuga á að gerast heilsuleiksskólar. Beðið var um hugmyndir frá félagsmönnum og kom fram hugmynd frá Sigrúnu í Urðarhól um að kalla þetta að fara á „Heilsubraut“. Þetta hljómaði vel í eyrum stjórnar og tóku Unnur og Hulda að sér að gera drög að eyðublaði sem var samþykkt í stjórn 5. júní 2009.

## Leiksskólar á Heilsubraut:

Öllum leiksskólar sem höfðu sýnt áhuga á að gerast heilsuleiksskólar, var sent þetta eyðublað. Eftirtaldir skólar hafa sótt um að vera á Heilsubraut og sækja um að fá viðurkenningu á viðkomandi tíma.

Bæjarból í Garðabæ	21. 04.2010
Kæribær á Klaustri	03.06. 2010
Hamravellir í Hafnarfirði	16. 06. 2010
Háaleiti í Reykjanesbæ	í júní 2010
Æskukot á Stokkseyri	10.10.2010
Brimver á Eyrarbakka	10.10.2010
Garðasel í Reykjanesbæ	sept. 2011
Ungbarnaleiksskólinn Ársól Reykjavík	haust 2011
Ugluklettur Borgarbyggð	01.09. 2012

## Heimasíða

Hulda varaformaður hafði tekið að sér að setja upp heimasíðu fyrir Samtökin. Fyrirtækið Skólar ehf, sem tekur að sér rekstur leiksskóla með heilsustefnunni bauðst til að hýsa síðuna og þáðum við það með þökkum. Heimasíðan var formlega opnuð 10. nóvember 2009 í sal Íþróttasambands Íslands í Reykjavík. Að því tilefni komu auk



Samtök heilsuleiksskóla

Stjórnar fulltrúar heilsuleiksskóla í landinu og gerðu sér glaðan dag. Hulda er heimasíðustjóri Samtakanna. Vefslóðin er: <http://heilsustefnan.skolar.is>

## Matreiðslubók

Á aðalfundinum í Reykjanesbæ var umræða um það hvort Samtökin eða heilsuleiksskólar gerðu matreiðslubók með völdum hollum uppskriftum. Stjórnin ræddi þessa hugmynd og ákvað á fundi sínum í nóvember 2009 að falla frá útgáfu matreiðslubókar. Þess í stað er ætlunin að nýta heimasíðuna til að koma uppskriftum á framfæri. Hulda varaformaður mun safna uppskriftum hjá heilsuleiksskólum.

## Endurskoðun á Heilsubók barnsins

Á stjórnarfundum Samtakanna 4. nóvember 2008 var samþykkt að fela fulltrúum frá fjórum fyrstu heilsuleiksskólunum, Urðarhóli, Krók, Garðaseli og Heiðarseli að hittast og fara yfir Heilsubók barnsins og gera skil á vinnu sinni á aðalfundi 2009. Starfshópurinn hittist á sínum fyrsta fundi í Heilsuleiksskólanum Urðarhóli í desember 2008 og sat formaður Samtakanna einnig þann fund. Sigrún Hulda Jónsdóttir skólastjóri í Urðarhóli var beðin að vera formaður starfshópsins, auk hennar mættu til leiks Ingunn Sveinsdóttir aðstoðarskólastjóri í Garðaseli, Sif Stefánsdóttir, deildarstjóri í Heiðarseli og Bylgja Héðinsdóttir aðstoðarskólastjóri í Krók. Sigrún Hulda gerði skil á þeirri vinnu starfshópsins sem þegar hafði farið fram á aðalfundinum í Reykjanesbæ 2009. Ákveðið að biðja starfshópinn að halda áfram störfum og gera skil á aðalfundi í Vogum 2010.

## Endurskoðun á viðmiðum

Hulda varaformaður tók upp umræðu á síðast aðalfundi að e.t.v. væri þörf á að endurskoða viðmið heilsuleiksskóla. Huldu og Ingunni skólastjóra í Garðaseli á Akranesi var falið að koma með tillögu á aðalfund 2010.

## Námsferð

Á aðalfundinum í Reykjanesbæ 2009 kom fram hugmynd um að athuga með námsferð stjórnenda heilsuleiksskóla og buðu þrjár konur sig fram til að vinna að því máli. Þetta eru þær Bjarney K. Hlöðversdóttir í Kór, Lilja Kristjánsdóttir í Urðahól og Berglind Grétarsdóttir í Ársól. Nefndin hittist og var Berglind kosin formaður. Skoðaður var möguleiki á að fara til Búdapest í Ungverjalandi og kynnast skólum þar sem leggja áherslu á hreyfiuppeldi. Einnig að skoða borgina og þetta fallega land. Eftir að hafa ráðfært sig við stjórnendur heilsuleiksskóla og stjórn Samtakanna var ákveðið að fresta ferðalagi árið 2009.

## Skólavarðan

Í nóvemberblaði Skólavörðunnar var kynning á heilsustefnunni og Samtökum Heilsuleiksskóla á einni opnu. Formaður skrifaði efnið með aðstoð varaformanns.

## Framtíðarsýn

Samtök Heilsuleiksskóla eru rúmlega fjögurra ára og þetta er fimmti aðalfundurinn. Þann 4. nóvember 2005 voru Samtökin stofnuð í Kópavogi og voru stjórnendur 6 fyrstu skólann stofnfélagar. Samtökin verða því fimm ára í nóvember í ár.



Einn skóli Fálkaborg í Reykjavík gerðist heilsuleikskóli á þessu starfsári og ný leikskólar eru komnir á Heilsubraut og stefna að vígslu á tveimur næstu árum. Það er því bjart framundan og því engin „kreppa“ í útbreiðslu heilsustefnunnar.

Eftir því sem skólunum fjölgar stækkar umfangið og er það aðal ástæðan fyrir því að stjórnin kemur með tillögu um að fjölga um tvo í stjórn. Það fer hins vegar að verða tímaspursmál hvenær Samtökin ráða sér hlutastarfsmann, en eitt af því sem nú er brýnt er að sinna eftirliti og ráðgjöf til þeirra skóla sem hafa fengið vígslu sem slíkir. Við höfum fyrirmynd af því sem Landvernd sinnir varðandi að fá grænánann. Þar þarf að sækja um á tveggja ára fresti til að halda fánanum. E.t.v. getum við komist í samstarf við einhverja þá sem eru á svipuðu róli og við, eða fengið styrki innanlands eða erlendis til að koma okkar eigin ráðgjafar- og eftirlitskerfi á.

Þegar heilsuleikskólum fjölgar og reynsla bætist við hjá þeim skólum sem fyrstir fóru að vinnu eftir stefnunni, verður brýnna að fá nema í mastersnámi eða doktorsnámi til þess að taka út einstaka þætti stefnunnar. Það er mikilvægt fyrir okkur sem viljum þróa stefnuna áfram að geta vitnað til rannsókna. Þetta er m.a. verkefni næstu stjórnar. Á þessum aðalfundi verður kynnt endurskoðun á Heilsubók barnsins og viðmiðum fyrir heilsuleikskóla og þá er næsta verkefni á því sviði að hugsa hvernig við viljum mæla heilsu barna undir tveggja ára aldri.

Einn ungbarnaleikskóli er kominn á heilsubraut og þurfum við að svara því hvernig Heilsubók barnsins hentar fyrir þennan aldur. Æskilegt er að skipa starfshóp áhugasamra á þessum fundi um „Ungbarnaheilsubók“.

Samtökin stóðu fyrir sameiginlegri ráðstefnu allra starfsmanna í heilsuleikskólum í október 2008, sem haldin var í Reykjanesbæ. Hún þótti takast vel og var einn skipulagsdagur skólanna notaður. Við þurfum í dag að huga að því hvort við viljum halda aðra ráðstefnu og þá hvar og hvenær.

Námsferð til Ungverjalands var reifuð á síðasta aðalfundi og hefur starfshópurinn sem þá var skipaður skoðað málin og mun kynna sínar hugmyndir á þessum aðalfundi.

Heilsustefnan er komin til að vera. Það er fyrst og fremst stjórnendum þessara skóla og þeirra fólki sem þetta hefur gerst. Það er ótrúlegt að í lok þessa árs gætu heilsuleikskólar orðið 17 talsins, en þeir voru 4 á stofnfundinum fyrir rúmlega fjórum árum. Þetta er góð fyrirmynd og á án efa eftir að hjálpa mörgum einstaklingnum til að velja sér heilbrigðan lífsstíl í framtíðinni. Stjórnendur heilsuleikskóla eru ekki einungis framtaksamir að koma heilsustefnunni inn í skólastarfið, heldur eru þeir alla jafnan með mikið þróunarstarf í gangi á mörgum sviðum.

Stjórn Samtaka Heilsuleikskóla þakkar gott samstarf liðins árs.